

Fundur haldin í Eiríksstaðanefnd 30. júní 2020 í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal. Mætt voru Rögnvaldur Guðmundsson formaður, Þuríður Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð, Kjartan Ragnarsson, Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Kristján Sturluson sveitarstjóri. Einnig sátu fundinn fulltrúar rekstraraðila Vínlandsseturs Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Anna Sigríður Grétarsdóttir, Reynir Guðbransson og Pálmi Jóhannsson

Rögnvaldur Guðmundsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fjármögnun verkefnisins

Kristján Sturluson fór yfir stöðu fjármögnunar verkefnisins, fjármögnun er langt á veg komin, leitað er leiða til að klára hana.

Staða framkvæmda við Leifsbúð og verkáætlun.

Framkvæmdir í Leifsbúð er lokið og sýningin opnar formlega sunnudaginn 5 júlí kl 15.00.

Vinna listamanna og undirbúningur sýningar.

Uppsetning sýningar verður lokið föstudaginn 3 júlí.

Sýningin opnunartími í sumar.

Sýningin verður opin í sumar alla daga milli 11.00-17.00.

Kynningarefni og markaðsmál.

Rætt um kynningarefni og markaðsmál. Ný vefsíða er komin í loftið www.vinlandssetur.is

Í lok fundar var farið í Vínlandssetur og gengið um húsið og sýningin skoðuð.